



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 13S/253
komudagur 20.11.2007

Alþingi
allsherjarnefnd
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.11.2007
Tilv. 02.109
GSJ

Efni: Frv. til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. Þskj. 6 – 6. mál.

Nær öll fyrirtæki sem stunda innflutning á áfengi eru aðilar að FÍS og því varðar sá lagarammi sem gildir um innflutning og sölu á áfengi þessi fyrirtæki miklu. Félagið hefur því ávallt fylgst mjög náið með öllum tillögum til breytinga á áfengislöggjöfnni og reynt að hafa áhrif þar á, eins og tilefni hefur verið til hverju sinni.

Fruvmarp það sem hér um ræðir er nú lagt fram í fimmta sinn, þó með nokkuð breyttu sniði nú. Meginatriði frumvarpsins lýtur að því að afnema einkasölu ÁTVR á öðru áfengi en sterku áfengi. Það er skoðun félagsins að stefna beri að því að sala á áfengi verði gefin frjáls. Áfengi er neysluvara sem eigi að lúta sömu lögmálum og aðrar slíkar vörur og því geti ekki verið eðlilegt að hið opinbera hafi einkarétt til smásölu þessarar tilteknu vöru.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. “Allt eða ekkert”. Félagið telur ekki koma til greina að afnema einkasölu ÁTVR á sölu af hluta áfengis. Ef einkasalan verður afnumin verður að ganga skrefið til fulls. Auðveldlega má sjá fyrir sér kærumál sem slíkt lagaákvæði leiddi af sér, þar sem slíkt ákvæði teldist fara gegn ákvæðum 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þess má geta að erlendir framleiðendur áfengis sem til sölu er hér á landi fylgjast mjög náið með þróun þessara mála og hafa ekki farið dult með þá skoðun sína að öll mismunun á grundvelli mismunandi áfengisinnihalds stæðist ekki.

2. Aðlögunartími. Sala á áfengi hefur verið í höndum hins opinbera með einum eða öðrum hætti frá 1922 eða í 85 ár. Sá stutti aðlögunartími sem frumvarpið gerir ráð fyrir er allt of skammur þegar þessi staðreynd er höfð í huga. Ætla verður markaðinum a.m.k. eitt ár til að aðlagast þeim breytingum sem verið er að leggja til.

3. Áfengisgjald verður að lækka. Eins og kunnugt er eru skattar (áfengisgjald og virðisaukaskattur) stór hluti af útsöluverði áfengis, en við Íslendingar eigum heimsmetið í áfengisgjöldum. Vara sem er svo hátt skattlögð þolir ekki þá álagningu sem algeng er á drykkjarvörumarkaði án þess að útsöluverðið hækkaði verulega umfram það sem það er nú hjá


ÁTVR (6,85% á sterkt áfengi og 13% á létt vín og bjór). FÍS telur því að ef áfengisgjald verður ekki lækkað, áður eða samtímis því að einkasala ÁTVR verður gefin frjáls muni það hafa eftirfarandi í för með sér:

- Sérverslanir munu ekki geta starfað með svo lága álagningu sem nú er hjá ÁTVR og því mun verð á áfengi stórhækka.
- Hætt er við að stórverslanir verði einar í aðstöðu til að selja áfengi með lágmarks álagningu. Mun þetta geta leitt til þess að úrval vína minnki, þar sem þær munu bjóða upp á fáar og ódýrar tegundir.
- Áfengismarkaðurinn er verðdrifinn. Áframhaldandi há skattlagning mun því geta leitt til fákeppni á þessum markaði, neyslustýringar og mun minna vöruframboðs.

4. Áfengisauglýsingar verði leyfðar með takmörkunum. FÍS telur nauðsynlegt að leyfa áfengisauglýsingar með takmörkunum þegar sala áfengis verður gefin frjáls. Eins og alkunna er hefur ríkt mikil óvissa varðandi framkvæmd núgildandi lagaákvæða um áfengisauglýsingar. Kemur þar bæði til að auðvelt hefur reynst að fara í kring um þau og ekki síður að áfengisauglýsingar eru víða sýnilegar í erlendum tímaritum og sjónvarpi, ekki síst í útsendingum frá vinsælum íþróttatburðum. Allt þetta leiðir til þess að bann við áfengisauglýsingum missir marks.

Þetta eru þær athugasemdir sem FÍS gerir við frumvarpið á þessari stundu en félagið leggur áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu við hið háa Alþingi í þessu máli, þar sem það varðar fjölmörg aðildarfyrirtæki FÍS miklu hver afdrif þess verða.

Virðingarfyllst,
f.h FÍS


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.